

Brimveri 28. febrúar 2017

4. fundur foreldraráðs

Mættar eru:

Vigdís, Þóra Ósk, Hanna Siv, Sigríður Birna og Sigrún Ína.

Leikskóladagatal 2017-2018 haft til umsagnar og samþykkt af öllum viðstöddum.

Rætt um samþættingu frídaga á milli leik- og grunnskóla. Viðstaddar eru hlynntar þessari samþættingu. Fyrirspurn um hvers vegna starfsdagar eru ekki samliggjandi helgum. Svar: Ein rökin eru að starfsdagar sem eru samliggjandi helgum nýtast verr heldur en þeir starfsdagar sem eru í miðri viku.

Rætt um þéttskipaða og mikilvæga dagskrá og viðfangsefni starfsdaga.

Rætt um sumarfrí og kosti þess og galla að loka leikskólanum yfir sumartímamann. Viðstaddar eru ánægðar með tímabil lokunarinnar.

Rætt um annars vegar foreldrakönnun og hins vegar starfsmannakönnun á vegum Skólapúlsins. Viðhorf til þessara kannana er jákvætt og niðurstöður þeirra nýtast skólustarfinu vel.

Rætt um starfsmannabreytingar og síbreytilegan fjölda barna á deildum leikskólans.

Rætt um Völu, kerfið sem notað er til dæmis vegna breytinga á vistunartíma barna. Kerfið veitir einnig ákveðna yfirsýn yfir fjölda nemenda leikskólans.

Rætt um skólastefnu Árborgar.

Rætt um náið samstarf á milli leikskólans og foreldrafélaga.

Á næsta fundi verður fjallað um hvað felst í að vera heilsueflandi leikskóli. Það er því gott að kynna sér efni sem snýr að því fyrir næsta fund. Hér er slóð með upplýsingum: <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item30702/Heilsueflandi-leikskoli>

Áætlað er að næsti fundur verði þann 26. apríl 2017.

Sigrún Ína Ásbergisdóttir